Þriðjudaginn 19. október 1982.

Nr. 197/1982. **Ákæruvaldið**
gegn
Þórarni Helga Fjeldsted.

Kærumál. Dómssátt úr gildi felld.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur samkvæmt heimild í 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 4. október 1982, sem barst dóminum sama dag, og krafist þess, að hin kærða dómssátt verði úr gildi felld.

Hinn 18. þ. m. barst Hæstarétti með bréfi sýslumannsins í Barðastrandarsýslu, dagsettu 14. s. m., endurrit af þinghaldi í sakadómi Barðastrandarsýslu, er fram hafði farið 11. s. m. Kom varnaraðili þá fyrir dóm, og var honum kynnt framangreind kæra og kröfugerð ríkissaksóknara. Mótmælti varnaraðili kærunni og krafðist þess, að dómssáttin yrði staðfest.

Varnaraðili hefur viðurkennt, að hann hafi fundið til áhrifa áfengis við akstur létts bifhjóls um götur Patreksfjarðar. Alkóhólmagn í blóði hans reyndist nema 1.33‰. Brot varnaraðilja er í hinni kærðu dómssátt talið varða við 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga og 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga. Varnaraðili var sviptur ökuréttindum á léttu bifhjóli í 8 mánuði frá og með 16. september 1982. Þau málalok voru óheimil að lögum, þar sem réttindasvipting vegna brota gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga skal ekki vera skemmri en 1 ár samkvæmt 3. mgr. 81. gr. nefndra laga. Ber því að fella hina kærðu dómssátt úr gildi samkvæmt 6. mgr. 112. gr. laga nr. 74/1974.

Dómsorð:

Hin kærða dómssátt er úr gildi felld.

Dómssátt sakadóms Barðastrandarsýslu 16. september 1982.

Ár 1982, fimmtudaginn 16. september, klukkan 1630, var dómþing sakadóms Barðastrandarsýslu háð í dómsalnum Aðalstræti 92, Patreksfirði, af Tryggva Bjarnasyni fulltrúa.

Fyrir var tekið: Rannsókn í tilefni af kæru um umferðar- og áfengislagabrot.

Dómarinn leggur fram dskj. nr. 1—3 lögregluskýrslur, nr. 4 varðstjóraskýrslu, nr. 5 beiðni um töku blóðsýnis, nr. 6 beiðni um alkóhólrannsókn, nr. 7 niðurstöðu alkóhólrannsóknar, nr. 8 sakavottorð.

Fyrir dómi er mættur kærði: Nafn: Þórarinn Helgi Fjeldsted. Stétt eða atvinna: Verkamaður. Heimili: Aðalstræti 71, Patreksfirði. Fæðingardagur: 16. maí 1966. Fæðingarstaður: Patreksfjörður.

Gætt er ákvæða 2. mgr. 77. gr. laga nr. 74/1974.

Kærði játar, að efni kærunnar sé rétt og kannast við ofangreint brot sitt.

Hann samþykkir að greiða kr. 3.000.00 í sekt til ríkissjóðs til að komast hjá málssókn út af brotinu, sem varðar við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga.

Sektin greiðist fyrir 16. október 1982, en ella sæti kærði í hennar stað varðhaldi í 8 daga.

Jafnframt er kærði sviptur rétti til að stjórna léttu bifhjóli í 8 mánuði frá og með 16. september 1982, og afhendir kærði skírteini sitt hér í réttinum.

Málskostnaður, kr. 794.00, greiðist fyrir sama tíma.

Framangreint brot hefur ítrekunarverkun á síðari brot, sbr. 71. gr. laga nr. 19/1940.

Dómarinn lét málssókn falla niður.